

Mál nr. 419/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bilunar í heitavatnslögn að sumarbústað.****Gögn.**

153. Málskot, móttakið 26.9.2012, ásamt fylgigögnum.

154. Bréf X, dags 16.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í ágúst 2012 kom í ljós bilun í kaldavatnslögn að sumarbústað í eigu málskotsaðila M). Bilunina, sem lýsti sér í minnkuðum þrýstingi, mátti rekja til bilunar á heitavatnslögn sem lá samhliða kaldavatnslögninni í sama skurðstæði á um 200 m kafla. M kveður heitavatnslögnina hafa bilað þrisvar sinnum á 15 árum. Hafi V sem eigandi lagnarinnar vanrækt viðhald hennar með saknæmum hætti og það sé orsök tjónsins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þótt umrædd heitavatnslögn hafi bilað þrisvar á 15 ára tímabili liggur ekkert fyrir í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að ástand lagnarinnar hafi verið með þeim hætti að kallað hafi á sérstakar endurbætur á henni eða endurnýjun hennar. Verður að telja ósannað að tjónið verði rakið til vanrækslu við eftirlit með heitavatnslögninni eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 6. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.